



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík
urn@urn.is

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 10. mars 2026

Efni: Umsögn um Saman gegn sóun – drög að stefnu og aðgerðaáætlun, mál nr. S-9/2026.

Þann 16. janúar sl. birti umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið í samráðsgátt stjórnvalda drög um úrgangsförvarnir, Saman gegn sóun, og aðgerðaáætlun. Samtök iðnaðarins og Samtök fyrirtækja í landbúnaði (hér eftir: „samtökin“) hafa tekið drögin og aðgerðaráætlun til skoðunar og umsagnar og vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Samhent samstarf

Samtökin styðja markmið stefnunnar um að stuðla að hringrásarhagkerfi þar sem dregið er úr magni úrgangs og spornað gegn sóun. Ljóst er að til þess þarf öflugt samstarf ríkis, sveitarfélaga, atvinnulífs og almennings. Lýsa samtökin sig reiðubúin að leggja stjórnvöldum lið á þeirri vegferð.

Vekja samtökin athygli á því að aðgerð nr. 11 fjallar um innleiðingu aðgerðaáætlunar *Minni sóun*, aðgerðaáætlun sem kom út í september 2021. Þær aðgerðir sem þar koma fram eru meðal annars á ábyrgð fyrirtækja í matvælaíðnaði. Af þeim sökum telja samtökin mikilvægt að þau séu tilnefnd sem samstarfsaðilar.

Samspil matarsóunar og umbúðanotkunar

Drög að stefnu um úrgangsförvarnir tiltekur árangursvísa og mælikvarða fyrir meginmarkmið nr. 1, þ.e. að draga markvisst úr magni úrgangs. Þar fjallar C - liður um matarsóun og markmið sett fram um að minnka sóun í matvælaframleiðslu um 10% og um 30% hjá smásölu og neytendum fyrir árið 2030 (m.v. meðaltal 2021-2023).

Samtökin taka undir þessi markmið og styðja stjórnvöld í að stuðla að betri nýtingu og minni sóun þeirra verðmæta sem matvæli eru. Vilja þau því vekja athygli á því að stefnur, aðgerðir og regluverk verða að spila saman og eitt má ekki vinna gegn öðru. Í því ljósi vilja samtökin sérstaklega benda á kröfur í nýrri umbúðareglugerð ESB (PPWR) þar sem sett er meginregla um bann við notkun umbúða fyrir ferska ávexti og grænmeti undir 1,5 kg. að þyngd. Þar ber að gæta þess að umbúðanotkun grænmetis á Íslandi er m.a. viðhöfð til að auka geymsluþol matvæla og þannig gæta að matvælaöryggi sem og verjast matarsóun. Þar höfum við náð góðum árangri. En dæmi eru um allt að 15% afföll af grænmeti á smásölustigi þegar sala var viðhöfð án umbúða. Hlutfallið hefur dregist saman í 1-2% þegar þessar afurðir eru varðar með umbúðum.



Aðgerð nr. 18 í drögum að aðgerðaráætlun kemur inn á stuðning við fyrirtæki vegna nýlegra EES-reglna um umbúðir, rétt til viðgerða og vishönnun en þar virðist nýtt umbúðaregluverk ESB ekki lagt til grundvallar, enda svo sem ekki útséð að búið verði að taka það upp í EES-samninginn og innleiða á gildistíma áætlunarinnar. Mikilvægt er að stjórnvöld nálgist það regluverk með sérstöðu Íslands og hagsmuni íslenskrar framleiðslu í huga og móti afstöðu til innleiðingar og nýti undanþáguheimildir eða heimildir til aðlögunar; neyðist Ísland til að gangast undir regluverkið. En þar má t.a.m. finna heimildir til notkunar umbúða þrátt fyrir meginregluna t.d. til að koma í veg fyrir vökvatap og rýrnun.

Umbúðir stuðla að minni sóun

Þegar litið er til matarsóunar og affalla í virðiskeðju matvæla eru þar vísbendingar um hvar mest sóun á sér stað. Innan Evrópu virðist þar stærsti hlutinn tilkominn á neyslustigi eða ríflega helmingur þeirrar matarsóunar sem á sér stað. En eins og staðan er í dag virðist hluti sóunar sem stafar frá smásölu, vinnslu og flutningum nokkuð takmarkaðri, en samanlagt er það um fjórðungur þess magns sem fer til spillis. Þessi mynd kann að breytast hratt ef regluverk kemur í veg fyrir varnir gegn rýrnun og afföllum við flutninga sem og á smásölustigi. Sé ekki tekið mið af þessari stöðu geta markmið um minni umbúðaúrgang leitt til stóraukinnar matarsóunar.

Eins og ofangreint ber með sér eru úrgangsmál matvælaframleiðslu viss jafnvægislist. Það er mikill kostnaður fólgin í notkun umbúða og því eru þær jafnan ekki notaðar án ástæðu. Ofþökkun getur verið afar kostnaðarsöm og því er þegar til staðar hagrænn hvati til að minnka umbúðanotkun og standa vel að hönnun.

Lokaorð

Að ná þessu jafnvægi milli umbúða og sóunar með afföllum er ekki aðeins rekstrarlega hagkvæmt fyrir framleiðendur og fyrirtæki heldur einnig í ljósi hringrásar og úrgangsmála. Enda leiðir það af sér minni óþarfa sóun verðmæta. Vísbendingar eru um að umbúðahönnun með áherslu á minni skammtastærðir geti dregið úr sóun á heimilum á sama tíma og afurðir eru verndaðar fyrir hnjaski svo þær komist heilar, heilnæmar og ferskar frá framleiðenda til neytanda.

Að því sögðu lýsa samtökin sig boðin og búin til frekara samstarfs og samráðs um stefnu og aðgerðir stjórnvalda í úrgangsmálum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. Samtaka fyrirtækja í landbúnaði

Sigurður Helgi Birgisson,

viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

Margrét Gísladóttir,

framkvæmdastjóri